

Velferðarráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis
Sendandi: Velferðarráðuneyti
Dagsetning: 09.03.2012
Málsnúmer: VEL10120820
Bréfalykill: 02.30.01

Efni: Tilskipun 2004/113/EB um um jafna meðferð kvenna og karla að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum - mál 571

Aðdragandi máls 571:

Þann 4. desember 2009 tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun nr. 147/2009 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Jafnframt var ákveðið að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2004/113/EB frá 13. desember 2004 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð kvenna og karla að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla þess samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum og þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það hefur verið lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga þar sem leitað er heimildar til staðfestingar á ákvörðuninni. Í framhaldi af því verða nauðsynlegar lagabreytingar undirbúnar.

Efni tilskipunarinnar:

Með tilskipun nr. 2004/113/EB eru settar reglur til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kynferðis að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu, með það að markmiði að koma til framkvæmda meginreglunni um jafna meðferð karla og kvenna. Tilskipunin kveður á um lágmarkskröfur hvað varðar tryggingu á framangreindum réttindum og er einstökum aðildarríkjum því heimilt að lögleiða ákvæði sem ganga lengra í að tryggja fullt jafnrétti í þessum efnum. Tilskipunin á við um alla er bjóða fram þjónustu og vörur sem eru aðgengilegar almenningsi þ.e. bæði opinbera aðila og einkaaðila.

Sú meginregla er sett fram í tilskipuninni að óheimilt sé að mismuna á grundvelli kynferðis varðandi aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu. Tekið er fram að bannið taki einnig til lakari meðferðar á konum vegna meðgöngu og fæðingar. Áreitni og kynferðisleg áreitni teljast til mismununar á grundvelli kynferðis í þessu sambandi og er bann lagt við hvoru tveggja. Ákveðnar undantekningar frá meginreglunni er að finna í tilskipuninni t.d. er heimilt að beita hagstæðari ákvæðum sem lúta að vernd kvenna, einkum með tilliti til meðgöngu og fæðingar. Þá útilokar tilskipunin ekki mismunun ef lögmat markmið réttlæta að vörur og þjónusta séu eingöngu eða aðallega veitt einstaklingum af öðru kyninu og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar.

Tilskipunin kveður sérstaklega á um þá meginreglu að tryggja skuli að notkun kynferðis sem stuðuls í útreikningum á iðgjaldi og bótum í tryggingastarfsemi og skyldri fjármálaþjónustu leiði ekki til

mismunandi lögjalda og bóta fyrir einstaklinga. Sama á við um kostnað tengdan meðgöngu og fæðingu.

Lagabreytingar:

Innleiðing tilskipunar 2004/113/EB kallar á lagabreytingar hér á landi og hyggst velferðarráðherra leggja fram lagafrumvarp á næsta löggjafarþingi til innleiðingar á ákvæðum hennar. Innleiðingin mun hafa í för með sér breytingar á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnframt verður skoðað hvort breyta þurfi lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga. Velferðarráðuneytið mun vinna að innleiðingunni í nánú samstarfi við efnahags- og viðskiptaráðuneytið og Jafnréttisstofu. Ef innleiðingin leiðir til breytinga á lögum um váttryggingarsamninga verður einnig haft samráð við Fjármálaeftirlitið og starfandi tryggingafélög á markaði.